

20. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í læknadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um doktorsnám við læknadeild Háskóla Íslands sem samþykktar voru af háskólaráði 7. október 1999.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla læknadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

*Háskóla Íslands, 29. janúar 2003.*

**Páll Skúlason.**

*Pórður Kristinsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Vestmannaeyjum: Bannað er að leggja ökutækjum báðum megin við Strembugötu frá Strembugötu 15 upp að Dalvegi.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

*Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 30. janúar 2003.*

**Karl Gauti Hjaltason.**

## AUGLÝSING

### sveitarstjórnar um samþykkt deiliskipulag á frístundabyggð í Hvassahrauni, Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 10. desember 2002 samþykkt deiliskipulag á frístundabyggð í Hvassahrauni.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Vogum, 6. febrúar 2003.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Jóhanna Reynisdóttir** sveitarstjóri.